SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - AÐALSKIPULAG 2008-2028 ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR, MKV. 1:10.000

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, VOGAVÍK



Gildandi aðalskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 26.11 2009, staðfest af umhverfisráðherra 23.02 2010.



Breytt aðalskipulag.

0 200 400 600 800 1000

1:10.000

Skipulagsskýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
- Hraðlest
- Göngustígar
- Gönguleiðir, þjóðleiðir
- Reiðstígar
- Hjólreiðastígar
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng
- Raflínur í lofti
- Jarðstrengir
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Sjóvarnargarðar
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisverndarsvæði, t.d á óbyggð svæði
- Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði

Almennar skýringar

- Hæðarlínur, 2 metra
- Hús / Lögbýli

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-:1994 er Sveitarfélagið Vogar á hönnunarhraðasvæðum 0,15 g, 0,20 g.

Desember 2014

Umsjón: Landslag ehf.

Hnitakerfi: Lambert.

Hnattstaða: ÍSNET 93.

Kortagrunnar:

1:10 000 = Loftmyndir ehf.

1:30 000 = Hnit hf.

LANDSLAG

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

2.1 Áhrifaþættir

Með þessu hugtaki er átt við hvaða þættir aðalskipulagsbreytingarinnar eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi áhrifaþættir eru þeir sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum í breytingu á aðalskipulagi:

- Breytt afmörkun og stækkun athafnasvæðis A-3 ásamt breyttri afmörkun hverfisverndarsvæðis H-1 við Vogavík.

2.2 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats breytingar á aðalskipulagi, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma breytingar á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
  - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Vegagerðin (Siglingastofnun er að hluta til undir Vegagerðinni í dag)*
  - *Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Siglingastofnun um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.*
- *Viðeigandi nefndir Sveitarfélagsins Voga*
- *Landeigendur, útivistarfólk og aðrir hagsmunaaðilar*

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt á almennum fundi í sveitarfélaginu 3. desember 2014.

2.3 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Farið var yfir og metið hvaða þættir í umhverfinu gætu mögulega orðið fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi og umhverfisþættir valdir út frá því mati. Matið byggir að mestu á þeim þáttum sem metnir voru í gildandi aðalskipulagi.

Í umhverfisskýrslu eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Vatn og sjór*
- *Hverfisvernd (afmörkun)*
- *Jarðfræði og jarðmyndanir*
- *Landslag og sjónræn áhrif*
- *Minjar*
- *Samfélagsleg og hagræn áhrif*

2.4 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér.

Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda.

Í breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga eru eftirfarandi umhverfisviðmið m.a. lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028*
- *Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000*
- *Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999*
- *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*
- *Lög um náttúruvernd nr. 44/1999*
- *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið er notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- *(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt (breyting á aðalskipulagi styður viðmið viðkomandi umhverfisþáttar).*
- *(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt (breyting á aðalskipulagi hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt).*
- *(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt (breyting á aðalskipulagi vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþáttar).*
- *(Ó) Óljós áhrif á umhverfisþátt (breyting á aðalskipulagi hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt, áhrif fara eftir útfærslu í deiliskipulagi).*

2.5 Valkostir

Borin eru saman áhrif breytingar á aðalskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, núll kost.

2.5.1 Vatn og sjór

Þar sem breyting á aðalskipulagi fellst m.a. í því að aflétta landnotkuninni *athafnasvæði* af strandsvæðinu við Vogavík og skilgreina ströndina þess í stað sem *óbyggt svæði* með *hverfisvernd* má gera ráð fyrir að áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á strandsvæðið geti talist jákvæð.

Fiskeldisfyrirtækið sem er með starfsemi á *athafnasvæðinu* starfar skv. gildandi starfsleyfum fyrir fiskeldi annarsvegar og fiskvinnslu hinsvegar. Í þessum starfsleyfum eru ýmis skilyrði sett, m.a. hvað varðar varnir gegn mengun. Fyrirtækið hefur hingað til farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru og engin ástæða er til að ætla að breyting verði þar á þrátt fyrir mögulega stækkun fyrirtækisins með stækkun *athafnasvæðis* í breytingu á aðalskipulagi. Mengandi áhrif eru talin óveruleg og heildaráhrif aðalskipulagsbreytingar á umhverfisþáttinn *vatn og sjór* eru talin jákvæð eða óveruleg.

2.5.2 Hverfisvernd

Á *hverfisverndarsvæðinu H-1*, sunnan við Voga, er verið að vernda Kristjánstanga, strandsvæði og Sikistjarnir og votlendið umhverfis þær. Með breyttri afmörkun er felld niður *hverfisvernd* á svæði sem hefur verið afgirt sem framtíðar *athafnasvæði* lóðareigenda frá árinu 2008. Á móti er tekið af *athafnasvæðinu* meðfram ströndinni og það gert að *óbyggðu svæði* og *hverfisverndarsvæði H-1* þannig að tenging verður við *hverfisverndarsvæði H-2*. Næst þá samfelld hverfisvernd á allri ströndinni sunnan við Voga að sveitarfélagsmörkum í vestri.

Í skilmálum *hverfisverndar H-1* er takmörkuð heimild til nýbyggingar nær sjó en u.þ.b. 200 m til að tryggja mjög strjálbýlt belti með mestallri ströndinni innan sveitarfélagsins. Mest öll uppbygging innan *athafnasvæðisins* verður 100-250 m frá strönd og verða því byggingar innan þeirrar 200 m línu þar sem áður var hverfisvernd. Byggingarnar eru stækkun á núverandi starfsemi á svæðinu og önnur staðsetning fyrir stækkun ekki raunhæf.

Á áætluðu stækkuðu *athafnasvæði* er engin tjörn eða votlendi og nær það ekki inná Kristjánstanga. Ekki er talið að verið sé að raska búsetulandslagi innan *athafnasvæðisins*. Einhverjar rústir eru við ströndina, utan *athafnasvæðisins*, en helstu minjar í tengslum við búsetulandslag innan *hverfisverndar H-1* eru norðan við Voga.

Möguleg jákvæð áhrif á hverfisvernd eru þar sem samfelld hverfisvernd verður meðfram ströndinni en möguleg neikvæð áhrif þar sem verið er að stækka athafnasvæði og heimila byggingar innan 200 m frá strönd. Vegna þessa er talið að breyting á aðalskipulagi muni hafa jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn *hverfisvernd*.

2.5.3 Jarðfræði og jarðmyndanir

Ekki er talið að stækkun *athafnasvæðis* muni hafa neikvæð áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* . Svæði sem stækkun *athafnasvæðis* nær til hefur verið afgirt sem framtíðar *athafnasvæði* lóðareigenda frá árinu 2008. Svæðið hefur ekki jarðfræðilega sérstöðu og engar sérstakar jarðmyndanir eru innan svæðisins. Svæðið er ekki frábrugðið hálfgrónum hraunsvæðum umhverfis þess svæðis sem breyting á aðalskipulagi nær til og því eru áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* talin óveruleg.

2.5.4 Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif aðalskipulagsbreytingar og áhrif á *landslag* eru talin óveruleg. Fyrir eru á svæðinu ýmiss mannvirki vegna núverandi starfsemi fiskeldisfyrirtækis en ekki er talið að frekari uppbygging mannvirkja fyrirtækisins hafi áhrif umfram það sem fyrir er á *landslag og sjónræn áhrif* .

2.5.5 Minjar

Gerð hefur verið aðal- og deiliskráning fornminja á því svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til ásamt svæðinu umhverfis. Minjar eru þekktar innan núverandi *athafnasvæðis* og nokkuð er af skráðum minjum innan þess svæðis sem áætlað er að verði breytt í *athafnasvæði*.

Þar sem skráðar minjar eru innan þess svæðis sem breytt er í *athafnasvæði* er talið að áhrif stækkunarinnar á minjar séu óljós og fari eftir útfærslu í deiliskipulagi.

2.5.6 Samfélagsleg og hagræn áhrif

Samfélagsleg og hagræn áhrif breytingarinnar eru talin jákvæð þar sem fleiri störf munu skapast innan sveitarfélagsins með mögulegri stækkun fiskeldisfyrirtækis innan *athafnasvæðis*. Stækkun fyrirtækisins er því í samræmi við tvö af meginmarkmiðum fyrir *athafnasvæði* í gildandi aðalskipulagi sem eru eftirfarandi:

- Að stuðla að uppbyggingu *athafnasvæða* til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að skilgreina afmörkuð *athafnasvæði* í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.

2.6 Samanburður valkosta

Ekki er talið raunhæft að bera saman aðra valkosti en þann sem breyting á aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Ekki er talið raunhæft að stækka *athafnarsvæðið* til austur þar sem *grannsvæði vatnsverndar* er skilgreind á því svæði sem liggur að núverandi *athafnasvæði*. Þá er stækkun til suðurs einnig óraunhæf þar sem þar er skilgreint *opið svæði til sérstakra nota*.

Ekki er talið heppilegt að færa núverandi starfsemi fiskeldis á annað *athafnasvæði* vegna þeirrar fjárfestingar sem liggur í núverandi mannvirkjum fyrirtækisins.

Sá valkostur að hafa núverandi ástand óbreytt (núll kost) hefur óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti.

2.7 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að breyting á aðalskipulagi í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið. Áhrif á *samfélag og hagræn áhrif* eru talin jákvæð þar sem fleiri störf munu skapast innan sveitarfélagsins. Áhrif á hverfisvernd eru talin vera bæði jákvæð og neikvæð og þá eru áhrif á vatn og sjó talin óveruleg eða jákvæð. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru talin óveruleg.

Sá valkostur að hafa núverandi ástand óbreytt (núll kost) hefur óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér til hliðar.

2.8 Tengsl við aðrar áætlanir

Í gildi er Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 sem nær m.a. til landsvæðis Sveitarfélagsins Voga.

Það svæði sem *athafnasvæði* við Vogavík tekur til er í gildandi svæðisskipulagi innan skilgreinds *atvinnusvæðis*.

Annað tveggja leiðarljósa fyrir atvinnusvæði í gildandi svæðisskipulagi er:

- Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna.

Meðal markmiða fyrir atvinnusvæði í gildandi svæðisskipulagi eru:

- Tryggja afkastagetu innviða fyrir atvinnusvæði, þ.e. flutningskerfi orku, vatns og fráveitu, samgöngur, og sérhæft vinnuafl.
- Núverandi atvinnugreinar verði efldar og hlúð sérstaklega að nýsköpun, rannsóknarstarfi og menntun innan þeirra.

Atvinnusvæðin eru fjögur í gildandi svæðisskipulagi og er athafnasvæðið við Vogavík innan atvinnusvæðis B. Svæðinu er m.a. lýst með eftirfarandi hætti.

...Jafnframt er stefnt að uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu, menntastarfsemi, rannsóknum, nýsköpun og þróun...

Í kafla um aðgerðir vegna sameiginlegra atvinnusvæða segir m.a.

- Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og leyfisveitingum...

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 og fellur að þeim leiðarljósum og markmiðum sem þar eru sett fyrir atvinnusvæði.

Umhverfisþættir	*Breyting á aðalskipulagi*		*Núll kostur*
Vatn og sjór	0	+	0
Hverfisvernd	+	-	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	0		0
Landslag og sjónræn áhrif	0		0
Minjar	Ó		0
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		0
Niðurstaða	0		0

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 27. janúar til 9. mars 2015 var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 25. mars 2015.

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____.

_____ _____